

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1424
komudagur 10.2.2013

Reykjavík, 10. febrúar 2013

Sendandi: Stjórn Félags Lýðheilsufræðinga

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu –
heilbrigðisáætlun til ársins 2020. Þskj. 604 – 470. mál**

Almennt um þingsályktunartillöguna:

Félag lýðheilsufræðinga fagnar því að þingsályktunartillaga um Velferðarstefnu - Heilbrigðisáætlun til ársins 2020 hafi nú litið dagsins ljós og leitað sé eftir umsögnum um hana hjá breiðum hópi fagfólks.

Í þessari mikilvægu stefnu er að finna marga góða hluti en þó vantar enn upp á lýðheilsuáherslur í stefnumótunar- og áætlanagerð stjórnvalda. Félag lýðheilsufræðinga veltir fyrir sér skilgreiningu á orðunum „heilbrigðisþjónusta“ og „heilbrigðiskerfi“. Slík þjónusta og slíkt kerfi, eins og það er notað í orðræðu ráðamanna í dag, er nær algjörlega sjúkdómamiðað eins og þessi stefna ber með sér. Heilsuefling og 1. stigs forvarnir, er lúta að því koma í veg fyrir vanda/sjúkdóma, virðast ekki eiga upp á pallborðið hjá stjórnvöldum þegar kemur að forgangsröðun verkefna og fjármuna og er það með öllu óskiljanlegt!

Vikið er að ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsufari og hvernig samfélagið geti stuðlað að því að fyrirbyggja sjúkdóma en hugmyndir og aðgerðir um slíka þætti, sem ættu að vera þungamiðja þessarar stefnu/áætlunar, vantar að mestu leyti! Jafnframt er vikið að „hagkvæmari og árangursríkari nýtingu fjármuna en áður“ og slíkt hlýtur að gerast að stórum hluta í gegnum heilsueflingu og 1. stigs forvarnir. Því leikur Félagi lýðheilsufræðinga forvitni á að vita hversu miklum fjármunum verður varið í þessa málaflokka því heilsuefling/forvarnir eru klárlega áhrifaríkasta leiðin til að stemma stigu við kostnaðaraukingu í sjúkdómakerfinu eins og áður hefur verið bent á.

Mikilvægt er að nýta menntakerfið markvisst í þágu heilsueflingar og fyrirbyggjandi aðgerða og þar nefnum við heilsueflingarverkefni Landlæknisembættisins, sem brátt munu ná til allra skólastiga utan háskóla, sem gott dæmi um það sem hægt er að gera.

Vissulega er mikilvægt að móta hnitmiðaða stefnu og markvissar aðgerðir í sjúkdómakerfinu og forgangsraða því fjármagni sem þangað er veitt sem best. Stærsta brotalömin í kerfinu okkar er hins vegar sú að nær engin áhersla er lögð á að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða, fólk fær fyrst þjónustu þegar það er lent í vanda! Þessari þróun og hugsunarhætti finnst Félagi lýðheilsufræðinga gríðarlega mikilvægt að snúa við, snúa vörn í sókn landsmönnum öllum til hagsbóta hvort sem litið er til bættra lífgæða eða betri nýtingar fjármuna.

Því hvetjum við eindregið til þess að heilbrigðismál þjóðarinnar verði skoðuð og áætlanir gerðar út frá HEILBRIGÐI en ekki eingöngu einblínt á aðgerðir sem eru viðbrögð við sjúkdómum.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags lýðheilsufræðinga,

Ólöf Kristín Sívertsen, formaður
gsm: 695-0206
lydheilsa@gmail.com
olofsiv@gmail.com